

Fimmtudaginn 1. júní 1995.

Nr. 121/1995.

Protabú Fórarlambssins hf.

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

gegn

Björgúlfí Péturssyni

(Arnmundur Backman hrl.)

Kærumál. Ómerking. Heimvísun. Dómarar. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 18. mars 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 6. apríl sl. Kæruheimild er í 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldprotaskipti o. fl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðinn 8. mars 1995, þar sem sóknaraðila er gert að greiða varnaraðila 2.634.926 krónur ásamt tilgreindum vöxtum frá 12. október 1989 og málskostnað. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði breytt á þá leið, að fjárhæð bótakröfu varnaraðila verði stórlega lækkuð og dráttarvextir dæmdir frá uppsögu dóms í kærumálinu. Þá krefst sóknaraðili þess, að málskostnaður í héraði verði felldur niður og honum dæmdur kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp af Þorgerði Erlendsdóttur, fulltrúa við Héraðsdóm Reykjaness. Í dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 18. maí 1995, í málinu nr. 103/1994 var komist að þeirri niðurstöðu, „að staða dómarafulltrúa, eins og henni er nú fyrir komið, uppfylli ekki grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómsvaldsins, . . .“. Verður að telja þetta eiga jafnt við um einkamál sem opinber mál. Með vísan til þess verður ekki hjá því komist að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og alla meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjaness og vísa málinu heim í hérað til nýrrar meðferðar.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Það athagast, að í máli samkvæmt 5. þætti laga nr. 21/1991 til

lausnar ágreinings um kröfu á hendur þrotabúi verður aðeins skorið úr um, hvort og hvernig krafan verður viðurkennd við gjaldþrotaskipti. Verður ekki mælt fyrir um skyldu þrotabúsins til greiðslu, svo sem varnaraðili hefur krafist í málinu og fallist var á í hinum kærða úrskurði.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi og öll meðferð málsins í héraði. Er málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.
